



Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 29.01.2019
1811021 HS

Efni: Aðalskipulag Akraness M2 - breyting á miðsvæði (Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt)

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 29. janúar s.l., var lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness M2 vegna breytinga á Kirkjubraut 39. Breytingin felst í breyttum skipulagsákvæðum fyrir M2, þ.e. auknu byggingarmagni skal mæta með gerð nýrra bílastæða í göturými, með samnýtingu og með bílageymslum neðanjarðar þar sem aðstæður leyfa. Skilmálar um fjölda bílastæða vegna aukinnar nýtingar skulu settir í deiliskipulagi. Tillagan er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 25. janúar 2019.

Skipulagslýsing var auglýst 21. nóvember með fresti til að skila inn ábendingu til 13. desember 2018.

Haldið var opið hús/kynningarfundur til kynningar á skipulagsbreytingunni föstudaginn 18. janúar sl.


Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn, að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áður en tillagan verður auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til yfirferðar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Hafdís Sigurpórsdóttir
fulltrúi



Meðf.: Skipulagsuppráttur